


2. verkefni

02hitabylgja

Opnið Word og sækið skjalið **02hitabylgja.docx**Opnið Excel og sækið skjalið **02hitabylgja.xlsx**

Excel

1. Blokkið **B2** til **B10** og farið í **Home – Conditional Formatting – Data Bars – Gradient Fill** (Heim – Skilyrt snið – Gagnalínur – Stigulsfylling).
2. Setjið **A1** til **B10** í blokk og færið yfir í Word-skjalið (**02hitabylgja**) með tengingu á milli skjalanna. **Copy – Paste – Paste Special – Paste link As: Microsoft Excel Worksheet Object.** (Líma – Líma sérstaklega – Líma tengil Microsoft Excel Vinnublað Hlutur).




Word

3. Útlitsmótið Word-skjalið. Fyrirsögn – Síðuhaus/-fótur – Mynd Drop Cap (Forstafur) – Texti 1 og Texti 2.
4. Vistið.

Gagnalínur – Data Bars

Gagnalínur setja fram tölfræðilegar stærðir á myndrænan hátt innan einstakra hólfa.



02hitabylgja – Sýnishorn

Hitabylgja í Evrópu

Afar hlýtt er í veðri víða í Evrópu þessa dagana og hefur Ísland ekki farið varhluta af hlýindunum. Hitinn fór víða yfir 20 gráður á Norður- og Austurlandi í dag. Í Bretlandi fór hitinn í tæpar 32 gráður og er þetta heitasti dagur ársins þar í landi það sem af er ári.

Menn og dýr á meginlandi Evrópu stynja vegna hitabylgju sem þar fer yfir. Því er meðal annars spáð að hitinn víða á Spáni fari yfir 43 stig í dag. Í dýragarðinum í Madrid fengu dýrin grænmetis, þ.e. isklumpa með grænmeti og ávöxtum til að kæla sig. Hitinn víða í Frakklandi fór yfir 35 stig. Ekki er alveg jafn heitt í París og eru Parísarþúar margir hverjir ánægðir með sumarveðrið.

Staður	Hitastig
Amsterdam	30
Dublin	18
Kaupmannahöfn	25
London	28
Madrid	38
New York	27
París	32
Reykjavík	14
Róm	39

Hitabylgja er nú á Ítalíu og hefur hitinn í dag komist upp í 41 stig. Almannavarnir Ítalíu hafa gefið út viðvörðun í nokkrum borgum, þar á meðal í Róm og Milanó. Því er spáð að hugsanlega verði enn heitara á morgun og hefur verið gefin út viðvörðun í Fenevjum, Flórens og í Róm, en þar fór hitinn yfir 30 stig og þar hafa gosbrunnar borgarinnar komið sér vel. Nokkuð hefur verið um skógarelda á Ítalíu síðustu daga, sem raktir eru til hitans.


3. verkefni

03vindstig

Opnið Word og sækið skjalið **03vindstig.docx**Opnið Excel og sækið skjalið **03vindstig.xlsx**

Excel Blokkið svæðið **A2** til **C14** og útbúið myndrit með tveimur ásam.

Insert – Combo Chart
Clustered Column
Line on Secondary Axis
 (Samsett línurit
 Klasar dálka
 Lína á öðrum ás).

Skrifið fyrirsögn **Vindstig og vindhraði**Veljið útlit að eigin vali í **Design** (Hönnun).Setjið texta við ása: **Vindstig og M/S**

Eyðið út titli á neðri ás.

Minnkið bil milli súlna **Gap Width** (Breidd millibils).

Vistið Excel-skjalið.

Færið myndritið yfir í Word-skjalið með tengingu á milli skjalanna.

Word


Útlitsmótið eins og sýnt er.
 Setjið haus og fót og vistið.

03vindstig – Sýnishorn

Nöfn vindstiga og greining veðurhæðar

Veðurhæðar er nú að jafnaði getið í hraðaeiningunni metrar á sekúndu (m/s) enda er hann nú mældur með hraðamælum. Áður var notast við mat sem byggðist á svokölluðum Beaufort-kvarða. Kvarðinn sá hefur lengst af verið 13 stiga, lægst núll, hæst 12. Við matið var notast við töflu sem ber áhrif vindstigsins saman við mældan vindhraða. Beaufort-kvarðinn var upphaflega þróaður til notkunar á sjó og á seglskipum þar sem sjá mátti áhrif vinds á segl og sjávarlag við mismunandi vindhraða. Mat á áhrifum vindstigsins á landi hefur ætíð verið vandasamara. Vindhraðamælar voru lengi sjaldgæfir hér á landi, enda eru þeir dýrir.

Mat vindhraða eftir Beaufort-kvarða



Heimild

Trausti Jónsson. (21.11.2007). *Nöfn vindstiga og greining veðurhæðar*. Veðurstofa Íslands. Sótt 24. júlí 2016 af <http://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nt/1098>.